

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
804 Selfossi

Garðabær, 10. júní 2025
202504-0163/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Langamýri spilda - Íbúðarhús og hesthús Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Vísað er til erindis Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 30. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag fyrir Langamýri spildu L209076. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús og hesthús á landbúnaðarlandi. Verkefnið felur í sér nýtingu á óröskuðu grónu landi með hátt verndargildi samkvæmt fyrirbyggjandi vistgerðarkortlagningu.

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að skipulagssvæðið er staðsett á Þjórarárhrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Þótt hraunið sé ekki sjáanlegt á yfirborði á umræddum stað getur það enn haft jarðfræðilegt og jarðsögulegt verndargildi.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpi að náttúruverndarlögum þarf að meta hvort hraun, jafnvel þótt sandorpin eða hulin gróðri, hafi aðra eiginleika sem réttlæta vernd, s.s. jarðsögulegt mikilvægi eða tengsl við vistgerðir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að kortlagning og mat á jarðmyndunum á svæðinu skuli fara fram áður en leyfi til framkvæmda er veitt, í samræmi við rökstuðnings- og matskyldu 61. gr. laga um náttúruvernd.

Vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að á skipulagssvæðinu séu vistgerðir með mjög hátt og hátt verndargildi, þar á meðal víðikjarr-, stara-, runnamýra- og gulstararflóavist, auk grasengja og língresisvistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þessar vistgerðir eru á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem þarfnast verndar.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að svæðið sé hluti af mikilvægu fuglasvæði, sem nær til Suðurlandsundirlendisins í heild. Þetta svæði hefur hátt gildi fyrir varp- og fæðutöku margra tegunda votlendis- og mófugla. Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við

skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Tegundir á svæðinu nýta gróið, rakt graslendi og mýrlendi til varps, fæðunáms og hvíldar, s.s. lóuþræll, spói og aðrar ábyrgðartegundir Íslands sem víða eiga undir högg að sækja. Þar sem framkvæmdir ná til óraskaðs lands með mögulegri búsvæðatengingu telur stofnunin brýnt að mat fari fram á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf áður en skipulag er samþykkt. Þá er mikilvægt að mati Náttúruverndarstofnunar að ekki verði ráðist í framkvæmdir á varptíma fugla.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

Sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur